

Dómsmálaráðuneyti
b.t. Skrifstofu réttinda einstaklinga og skrifstofu réttarfars og stjórnsýslu
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Sent á: dmr@dmr.is


Reykjavík, 18. júlí 2025

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins og Samtaka upplýsingatæknifyrirtækja um áform um rafræna og stafræna málsmeðferð hjá sýslumönnum og dómstólum, mál s-122/2025.

Samtök iðnaðarins og Samtök upplýsingatæknifyrirtækja, starfsgreinahópur innan SI (hér eftir „SI“ og „SUT“ eða „samtökin“ eftir atvikum) fagna áformum um að færa málsmeðferð hjá sýslumönnum og dómstólum í aukið rafrænt horf. Slíkar umbætur geta leitt til aukinnar skilvirkni, lægri kostnaðar og betri þjónustu fyrir notendur.

Samtökin vilja nýta tækifærið og vekja athygli stjórnvalda á mikilvægi þess að sjónarmið um samkeppni, nýsköpun og jafnrétti verði í fyrirrúmi til að tryggja aðgengi að markaðnum. Í því samhengi benda samtökin á áherslur Ríkisendurskoðunar í nýlegri skýrslu sinni um innkaup ríkisaðila á upplýsingatækni þar sem m.a. er lögð áhersla á útboðsskyldu ríkisaðila. Mikilvægt er að í fyrirhugaðri vinnu við frumvarp verði afmörkun skyldu til notkunar sameiginlegra innviða, kröfur um tæknistaðla og ákvæði um skilgreiningu innviða skilgreind til hlítar til að forðast markaðshindranir og draga úr hvata til nýsköpunar. Að mati samtakanna er mikilvægt að fyrirhugað frumvarp stuðli að opnum, sveigjanlegum og framsæknum tæknilausnum sem þjóna hagsmunum bæði ríkis og atvinnulífs til framtíðar.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins og Samtaka upplýsingatæknifyrirtækja



Erla Tinna Stefánsdóttir,
viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði SI